



Reglur um launuð námsleyfi starfsmanna leikskóla Fjarðabyggðar

Starfsmenn leikskóla Fjarðabyggðar geta sótt um launað námsleyfi í eina önn til að sinna námi í leikskólakennarafræðum. Á hverri önn geta tveir starfsmenn leikskóla Fjarðabyggðar fengið launað námsleyfi að háðum skilyrðum. Starfsmenn sem þiggja launað námsleyfi samkvæmt þessu ákvæði skuldbinda sig til að starfa í leikskólum Fjarðabyggðar að loknu námsleyfi í jafn langan tíma og launað námsleyfi er veitt.

1. gr.

Skilyrði

Launuð námsleyfi eru veitt starfsmönnum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru starfsmenn leikskóla Fjarðabyggðar.
- Stunda eða eru að hefja nám í grunn diplómu í leikskólakennarafræðum, B.Ed og/eða M.Ed. í leikskólakennarafræðum.
- Eru nú þegar með BA, BS eða B.Ed próf og stunda eða eru að hefja nám í menntunarfræði í leikskóla.

2. gr.

Umsóknarfrestur og ferli.

Umsóknum um styrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila til mannauðs- og kjarateymis fyrir 1. júní en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst um áramót. Umsóknir verða afgreiddar tvisvar á ári, þ.e.a.s í lok júní og lok nóvember. Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma ásamt umsögn leikskólastjóra viðkomandi starfsmanns. Mannauðstjóri og fræðslustjóri taka ákvörðun um veitingu launaðs námsleyfis. Veitt námsleyfi nemur einni önn í hvert skipti.

3. gr.

Fjárveitingar

Fjárhagsáætlun hvers árs markar fjárheimild til námsleyfa. Við veitingu námsleyfis er veitt með viðauka fjármagni til hlutaðeigandi stofnunar vegna kostnaðar. Til ráðstöfunar eru að jafnaði á hverju ári 2 stöðugildi.

4. gr.

Tilkynning um ákvörðun

Mannauðs- og kjarateymi tilkynna starfsmanni, sviðsstjóra, næsta yfirmanni og launadeild um afgreiðslu á umsókn um námsleyfi þegar ákvörðun liggur fyrir.

5. gr.

Formleg tilgreining á tilhögun námsleyfis

Leikskólastjóri skal ávallt ganga skriflega frá samningi um launað námsleyfi. Í samningum skal m.a. koma fram hvenær leyfi hefst, hvernig því verður háttað auk ákvæðis um endurgreiðslu launa í námsleyfinu uppfylli starfsmaður ekki skilyrði 9. gr. reglna þessara. Leikskólastjóri skal jafnframt skila inn breytingarblaði til launadeildar með sömu upplýsingum.

**6. gr.****Staðfesting á skólavist**

Starfsmaður með samþykki fyrir launuðu námsleyfi skal skila inn staðfestingu á skólavist til mannauðsteymis um leið og hún berst og eigi síðar en einum mánuði fyrir töku námsleyfis. Gögn eru vistuð í mannauðskerfi..

7. gr.**Afleysing**

Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launað námsleyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að hún sé afleysing til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar. (Tímabundin ráðning).

8. gr.**Greiðslur**

Laun í námsleyfi miðist við föst laun í því starfshlutfalli sem starfsmaður er í við umsókn. (Gildir þrátt fyrir heimildarákvæði kjarasamninga).

9. gr.**Áframhaldandi starfssamband**

Með undirritun samkomulags um launað námsleyfi skuldbindur starfsmaður sig til að starfa hjá leikskólum Fjarðabyggð að loknu námsleyfi í jafn langan tíma og launuðu námsleyfi er veitt.

10. gr.**Skil á gögnum**

Starfsmaður skal að námi loknu skila prófskírteini og/eða vottorði um námslok. Þessi gögn skulu berast til leikskólastjóra eigi síðar en 3 mánuðum eftir að launagreiðslum í námsleyfi lýkur. Leikskólastjóra ber að skila afriti af umræddum gögnum til mannauðs- og kjarateymis sem vistuð eru í mannauðskerfi.

11. gr.**Réttur til að sækja um námstyrki**

Þetta námsleyfi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanna til að sækja um námstyrk samkvæmt reglum um námstyrk til stofnanna.

Fjarðabyggð 6. maí 2022

Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 2. maí 2022
Samþykkt í bæjarstjórn 5. maí 2022